



Reykjavík 12.júní 2020

## Efni: Upplýsingar fyrir starfsmenn bókasafna vegna kórónaveiru COVID-19

Gripid hefur verið til margvíslegra varúðarráðstafana til að hefta útbreiðslu COVID-19. Eitt af því er að ítreka mikilvægi þrifa á öllum fjölförnum stöðum eins og á bókasöfnum.

Nauðsynlegt er að yfirfara vel almenn þrif og bæta úr eftir þörfum í fjölförnum rýmum. Þar sem hættustig er í landinu þarf að huga vel að reglubundnum sértækum þrifum í sameiginlegum rýmum starfsmanna t.d. í kaffistofum, á borðum og á öðrum snertiflötum.

Starfsfólk er hvatt til að sinna þrifum vel á sínum starfsstöðvum. Við hvetjum alla að fylgjast vel með leiðbeiningum sem koma frá landlækni og heilbrigðisfólki varðandi sóttvarnir, almenna umgengi og þrif þ.e.:

- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt.
- Ef notaðir eru hanskar þarf að skipta oft um þá og hreinsa hendur fyrir og eftir hansknotkun.
- Forðast snertingu við augu, nef og munn.
- Hugid vel að yfirborðsflötum t.d. hurðahúnum, handriðum, lyftuhnöppum, snertiskjám, lyklaborðum, tölvumúsum, greiðsluposum og ljósarofum.
- Ákjósanlegt er að einn starfsmaður noti eina starfsstöð heila vakt og hreinsi helstu snertifleti áður en annar tekur við starfsstöðinni.
- Sleppa handaböndum og faðmlögum og heilsa fremur með brosi.
- Minna gesti bókasafna á handhreinsun og tveggja metra regluna með skiltum og merkingum við afgreiðsluborð og sjálfsafgreiðslustöðvar.

Mikilvægt er að aðgengi að handspritti fyrir starfsmenn og gesti sé gott.

Ítarlegar upplýsingar er að finna á [www.covid.is](http://www.covid.is) .